

## Stefna um samfélagslega ábyrgð fyrir 105 Miðborg slhf. og dótturfélög

105 Miðborg slhf. lætur sig velferð íslensks samfélags varða og vill tryggja ávinning af starfsemi sinni fyrir samfélagið í heild sem og hluthafa. Þetta einsetur félagið sér að gera með því að byggja upp vandað og fjölbreytt húsnæði í nýju borgarhverfi með traustum innviðum og fjölbreytni, gæði og sjálfbærni að leiðarljósi. Félagið er með langtímahagsmunum í forgrunni í starfsemi sinni og leitast við að vera traustur samstarfsaðili sem skilar eigendum sínum ásættanlegri arðsemi og ávinningi til samfélagsins.

Stefna 105 Miðborgar um samfélagslega ábyrgð byggir á þremur meginþáttum; ábyrgð gagnvart **samfélaginu og umhverfi, ábyrgt starfsumhverfi og rekstrarlegri ábyrgð** gagnvart hluthöfum.

Stýriverktaki og helsti samstarfsaðili 105 Miðborgar, Íslenskir Aðalverktakar hf. (ÍAV) leggur mikið upp úr gæðum og umfram allt öryggi og heilbrigði starfsmanna. Til að ná þeim markmiðum hefur fyrirtækið á undanförunum árum undirgengist tvær alþjóðlegar vottanir:

1. Vottun samkvæmt ISO 9001:2015 gæðastaðlinum sem fyrirtækið hlaut árið 2009
2. Vottun samkvæmt OHSAS 18001:2007 öryggisstaðlinum sem fyrirtækið hlaut árið 2014.

Fyrirnefndi staðallinn tryggir að öll verk ÍAV eru unnin samkvæmt ákveðnu gæðaviðmiði sem staðallinn setur og sá síðarnefndi að öryggis- og heilbrigðismál séu órjúfanlegur þáttur í öllum framkvæmdum ÍAV. Alþjóðlega vottunarfyrirtækið BSI er vottunaraðili ÍAV í báðum þessum vottunum og heimsækir fyrirtækið reglulega og tryggir að unnið sé eftir ákvæðum þessara staðla. ÍAV er eini verktakinn á almennum byggingarmarkaði sem hefur þessar vottanir og er því leiðandi á þessu sviði hér á landi.

Ábyrgð ÍAV um fyrrgreind gæða- og öryggisviðmið nær til allra framkvæmda sem staðið verður fyrir á vegum 105 Miðborgar á Kirkjusandi. Öryggisstjóri ÍAV mun bera ábyrgð á öryggismálum á vinnusvæðinu öllu, bæði hjá sínum eigin starfsmönnum sem og starfsmönnum annarra verktaka/undirverktaka sem taka að sér verkefni á vegum 105 Miðborgar. Á sama hátt ábyrgist ÍAV að aðbúnaður og laun allra starfsmanna sem starfa við framkvæmdir á vegum félagsins muni standast almennar reglur um aðbúnað, öryggi sem og gilda kjarasamninga. Ábyrgð af þessu tagi er almennt nefnd keðjuábyrgð og gildir hún um allar framkvæmdir á svæðinu sem unnar verða á vegum 105 Miðborgar slhf.

Stefna um samfélagslega ábyrgð í 105 Miðborg felur m.a. í sér að starfsemi á vegum félagsins hafi jákvæð áhrif á samfélagið með því að gæta þess í hvívetna að:

- 1) unnið sé eftir ábyrgri stefnu sem stuðlar að öruggu starfsumhverfi og velferð starfsmanna sem vinna við framkvæmdir á vegum félagsins.
- 2) félagið sé virkur þátttakandi í að skapa betra samfélag með farsælli uppbyggingu á góðu borgarhverfi þar sem áhersla er lögð á fjölbreytni, gæði og sjálfbærni. Félagið leggur sig fram við að framleiða fasteignir með fjölbreytta hönnun og nýtingarmöguleika að leiðarljósi, með það að markmiði að tryggja bæði gæði og hámarks endingu.
- 3) unnið sé eftir ábyrgri umhverfisstefnu sem miðar að því að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið með því notast við vistvæn byggingarefni sé þess kostur og að endurnýta og endurvinna byggingarefni eftir fremsta megni. Lögð er rík áhersla á að standa rétt að urðun og losun spilliefna, að lágmarka pappírnotkun í rekstri, viðhalda góðri orkustýringu og lágmarka sóun á vatni. Félagið leggur auk þess áherslu á vistvæna sorphirðu og samgöngur og mun fegra umhverfi sitt með gróðri þar sem þess er kostur.

4) leitast á öllum sviðum við að stunda fagleg og heiðarleg viðskipti með réttisýni og hagsmuni hluthafa að leiðarljósi .

Íslandssjóðir hf., rekstraraðili félagsins, er sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir hafa hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti á hverju ári frá árinu 2013.

Stjórnendur félagsins bera ábyrgð á að unnið sé í samræmi við stefnu þessa og verkferla byggða á henni.

Stefna þessi skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.

### **Stefna ÍAV um samfélagsábyrgð**

Íslenskir aðalverktakar hf. vilja vernda náttúru landsins og tryggja að efni sé nýtt á besta mögulega hátt og úrgangur endurnýttur eins og kostur er.

Til að ná fram þessu markmiði sínu stefnir félagið að því að beita jafnt umhverfisvænum og hagkvæmum aðferðum í verkefnum sínum.

Áhersla verður lögð á skilvirka nýtingu auðlinda og næmi gagnvart menningarlegum og samfélagslegum gildum.

Góð umgengni við verk okkar svo og flokkun á úrgangi frá byggingastarfsemi er einn af kjarnaferlum í þessari stefnu.

Með því að beita nýjustu tækni á sviði umhverfismála ætlar félagið að mæta þörfum viðskiptavina, tryggja arðsemi og auka endurvinnslu.

### **Öryggis- og heilbrigðisstefna ÍAV**

ÍAV hf telur mikilvægt að vinna stöðugt að öryggis- og heilbrigðismálum til að tryggja sem best öryggi- og heilbrigði starfsmanna fyrirtækisins og annarra sem vinna í verkefnum á vegum ÍAV hf.

ÍAV hf leggur áherslu á að koma í veg fyrir slys og heilsubrest hjá starfsmönnum vegna vinnunnar með fyrirbyggjandi aðgerðum bæði á verkstöðum og á skrifstofum fyrirtækisins.

ÍAV hf stuðlar að stöðugri þróun og umbótum í öryggis- og heilbrigðismálum og að fram fari mælingar á frammistöðu sem sýni hver árangur er á hverjum tíma.

Árangur í öryggis- og heilbrigðismálum næst best með samstilltu átaki allra starfsmanna fyrirtækisins, þ.e. öryggismenningu sem skilar fyrirtækinu öruggum og heilbrigðum vinnustað.

ÍAV hf uppfylla kröfur stjórnvalda í formi laga, reglna og reglugerða um öryggis- og heilbrigðismál. Stjórnkerfi ÍAV í öryggis- og heilbrigðismálum er byggt upp á kröfum í staðlinum OHSAS 18001:2007 og eru skjalfest í Handbók ÍAV sem er vottuð samkvæmt ÍST ISO 9001:2008.